



## Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM 2015

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM haldinn fimmtudaginn 19. mars 2015, kl. 15 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu. Fundarstjóri var Lilja Árnadóttir. Samþykkt var tillaga um breytingu dagskrár – liður starfsáætlunar kemur beint á eftir árskýrslu.

### 1. VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF SKV. 6. GR. SAMÞYKKT ÍSLANDSDEILDAR ICOM

#### Árskýrsla 2014:

Formaður, Ólöf K. Sigurðardóttir lagði fram ársskýrslu fyrir árið 2014.

**Stjórn** skipa Ólöf Kristín Sigurðardóttir formaður, Inga Jónsdóttir gjaldkeri og Guðbrandur Benediktsson ritari. Varamenn eru Nathalie Jacqueminet og Kristín Dagmar Jóhannesdóttir. (ÓKS endurkjörin 2012, IJ kjörin á aðalfundi 2012, GB endurkjörinn á aðalfundi 2014, N endurkjörin 2014 og KD kjörin 2012 öll til 3 ára). Stjórnin hélt samtals 12 fundi á árinu, frá síðasta aðalfundi.

**Félagatal og félagsgjöld kynnt.** Félagsgjöld ICOM eru ákveðin á aðalfundi samtakanna. Full félagsgjald fyrir einstaklingsaðild er (2014 og 2015) 70 evrur. Söfn á Íslandi greiða 498 – 953 evrur. Landsdeildin leggur um 10% ofan á þessa upphæð og eru aðildargjöld nú 13.000 ísl. kr. fyrir einstaklinga, 6200 kr. fyrir þá sem komnir eru á eftirlaun og nema og frá 93.200 til 112.000 fyrir söfn.

#### Fjármál:

- Deildin hlaut 600.000 kr. frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir rekstur og fundi fyrir 2014 og 700.000 kr. fyrir árið 2015.
- 600.000 kr styrkur frá Safnasjóði vegna námsgagna á Siðareglum Icom.
- Hlaut 1,2 millj. styrk vegna Safnaverðlauna 2014 úr Safnasjóði - fyrsta sinn peningaverðlaun að upphæð 1 milj króna.
- 4 styrkjum úr ferðasjóði- og útgáfusjóði úthlutað til félagsmanna sem óskuðu eftir styrk til að sækja fundi alþjóðafagdeilda – enginn styrkjanna var nýttur.

#### Þátttaka í alþjóðastarfi:

**ICOM NORD** var haldinn í Osló 23. – 26. apríl. Fundinn sóttu fulltrúar stjórnar landsdeildanna fimm. Meginþema voru Siðareglur ICOM – fyrirlestur Karin Pabst, sem vinnur að doktorsverkefni fjallaði um erfiðar siðferðislegar spurningar sem safnamenn þurfa að takast á við. Formaður og gjaldkeri Íslandsdeildar sóttu fundinn. (Icom NORD fundurinn verður haldinn í Grænlandi 2015).

**Aðalfundur og fundur ráðgjafanefndar ICOM í París** – haldinn í júní 2014. Fundina sitja formenn (og stjórnarmenn) landsdeilda, fagnefnda og heimshlutadeilda. Þjóðdeildir eru nú 137 alþjóðafagnefndirnar 30 og félagsmenn um 30.000 talsins. Auk formanns sótti einn stjórnamanna fundina.

Ósk eftir tilnefningu fulltrúa Íslands í **European Museum Forum (EMF)**. EMF og ICOM samþykktu að auka samstarf félaganna. Eitt meginverkefni EMF eru evrópsku safnaverðlaunin (EMYA) og er það hlutverk landsfulltrúa að kynna þau og taka þátt í vinnu er svo ber undir. Guðbrandur tilnefndur.

#### **Önnur verkefni:**

- **ICOM.is** - heimasíðu haldið við.
- **Safnaverðlaunin** veitt í samvinnu við Físos (fulltrúar ICOM í úthlutunarnefnd voru Hilmar Malmquist og Valgerður Guðlaugsdóttir) – Sarpur hlaut verðlaunin í ár þar sem þau voru veitt á Bessastöðum á íslenska safnadaginn.
- **Blái skjöldurinn** – þann 24. október 2014 var stofnuð Landsnefnd Bláa skjaldarins á Íslandi. Dagný Heiðdal og Nathalie Jaqumier leiddu það starf. Deildin vinnur í að öðlast samþykktar alþjóðasamtaka BS. Formaður er landsdeildar BS á Íslandi er Njörður Sigurðsson.
- **Helsta verkefni: Útgáfa á námsgögnum um Siðareglur** þýdd (af sænsku) og staðfærð að Íslandi. Verður seld sem hluti af námskeiðum um siðareglur. Ágústa Kristjánsdóttir tók verkefnið að sér í samvinnu við Safnafræði HÍ.  
Félagsmenn hvattir til að hafa samband og panta sér námskeið.

#### **Starfsáætlun fyrir árið 2015:**

##### **Hefðbundin þátttaka í alþjóðastarfi:**

- Aðalfundur í París í júní
- ICOM NORD á Grænlandi í september 2015. Landsnefnd ICOM í DK stendur að verkefninu um leið og sett verður upp opin ráðstefna. Hugmyndin er að efla grænlenka safnmenn og safnastarf.

**Safnadagurinn** – íslenski og alþjóðlegi safnadagurinn haldinn sameiginlega þann 17. maí 2015. Mánudaginn 18.maí verður hugað að innra starf safna á málþingi sem sett er upp í samvinnu við FÍSOS. Þema: Söfn í þágu sjálfbærni.

(Þema árið 2016 er Söfn og menningarlandslag – sem einnig er þema allsherjarþingi ICOM í Mílanó 2016)

### **Dómnefnd Safnaverðlaunanna 2015**

Lilja Árnadóttir og Ólöf G. Sigfúsdóttir sitja í dómnefnd fyrir næstu verðlaunaafhendingu.

**Siðareglunámskeið.** Námskeið verða auglýst sérstaklega. Styrkur úr Safnasjóði veittur vegna kostnaðar vegna ferða um landsbyggð til að halda námskeið.

**Endurútgefa siðareglur.** Áðurútprentað 2005/6. Fenginn verður löggildur skjalapýðandi til að yfirfara reglurnar og þær endurútgefnar.

**Fagdeildir ICOM** – efla félagsmenn til að taka þátt, sækja ráðstefnur og sitja í stjórnnum.

- Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.

Inga Jónsdóttir, gjaldkeri Íslandsdeildar ICOM gerir grein fyrir ársreikningum og þeir samþykktir.

- Kjör til stjórnar.

#### **Kjör formanns:**

Kristín Dagmar Jóhannesdóttir var ein í framboði sem formaður. Var hún kjörin með dynjandi lófataki.

#### **Aðrir í stjórn:**

Inga Jónsdóttir bauð sig til áframhaldandi setu sem gjaldkeri og var hún kjörin einróma.

Helga Lára Þorsteinsdóttir bauð sig fram sem varamaður í stjórn og hlaut brautargengi í það embætti.

### **2. Kynningar og umræður:**

- **Sigurður Trausti Traustason** segja frá ráðstefnu **CIDOC** í Dresden sem bar yfirskriftina *Access and Understanding - Networking in the Digital Era*.

- **Hilmar Malmquist** segja frá **NATHIST** ráðstefnu í Sagreb en þar var rætt um framtíð náttúrminjasafna.

### **3. Úthlutun úr útgáfu- og ferðasjóði**

Kristín Dagmar, nýkjörinn formaður

Alls bárust 3 ferðastyrkir og 2 útgáfustyrkir og hlutu eftirfarandi 60.000 kr hver:

Rakel Pétursdóttir – ICOM CECA, 2015

Sif Jóhannesdóttir – Aðalfundur ICOM í Milano, 2016

Soffía Karlsdóttir – Aðalfundur ICOM í Milano, 2016

Útgáfustyrkur til Helga Mána Sigurðssonar og Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar til útgáfu bókar um sögu byggðasafna, áætluð útgáfa vorið 2015.

#### 4. Önnur mál

Fráfarandi formaður, Ólöf Kristín Sigurðardóttir, kynnti drög að ályktun fundarins um stöðu Náttúruminjasafns Íslands og vísa í henni til siðaregla félagsins og til laga um ábyrgð eigenda safna.

Sjá ályktun: ÁLYKTUN AÐALFUNDAR ÍSLANDSDEILDAR ICOM

Vegna umræðu um stöðu Náttúruminjasafns Íslands vill Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) koma eftirfarandi á framfæri:

**Aðalfundur Íslandsdeildar Alþjóðaráðs safna (ICOM), sem haldinn var í fundarsal Þjóðminjasafns Íslands 19. mars 2015, skorar á yfirvöld safnamála á Íslandi að axla ábyrgð á starfsemi Náttúruminjasafns Íslands og tryggja því viðunandi starfsaðstöðu þannig að safnið geti uppfyllt þær starfsskyldur sem settar eru fram í lögum um hlutverk þess.**

Samkvæmt safnalögum sem tóku gildi í janúar 2013 kemur fram í 3. gr. annarri málsgrein um hlutverk safna: „Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknnum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.“ Í safnalögum kemur einnig fram að söfnum beri að fara að siðareglum ICOM þar sem jafnframt er kveðið á um ríkar skyldur eigenda gagnvart söfnunum.

Ályktun vegna óviðunandi stöðu Náttúruminjasafns Íslands var samþykkt á aðalfundi Íslandsdeildar Alþjóðaráðs safna árið 2012 en virðist staðan hafa versnað fremur en batnað á því tímabili.

Var hún samþykkt einróma.